



Kynning á Foreldrabankanum

Hugmyndin að baki Foreldrabankans er sú að þar séu upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa um ýmislegt sem varðar foreldrasamstarfið og skipulag þess. Einnig er hægt að nota möppuna sem hugmyndabanka og skýrslu um hvað hefur verið gert með bekknum og hvað hægt er að gera. Gaman væri einnig að safna í hana myndum úr bekkjarstarfinu.

Foreldrabankinn á einnig að vera minningarmappa bekkjarins. Þar sem á hverju ári eru settar inn upplýsingar um bekkinn og hvað var gert þetta skólaárið og gjarnan hafðar myndir. Nýkjörnir bekkjarfulltrúar sem fá möppuna í hendur geta þá kynnt sér innihald hennar og séð um að safna upplýsingum inn í möppuna hvað varðar vettarasamstarfið og afhenda hana svo eftirmönnum sínum. Þannig á mappan eftir að fylgja börnunum út grunnskólann. Eftir útskrift bekkjarins er mappan svo höfð í öruggri vörslu í skólanum, annaðhvort hjá skólaritara eða í bókasafni skólans. Þá er hægt að grípa til hennar þegar þarf – jafnvel eftir 10 eða 20 ár þegar bekkurinn ákveður að hittast og gera sér glaðan dag.

